

Valgreinar nemenda í 8.-10. bekk skólaárið 2012-2013

Fyrirkomulag: Hver nemandi velur **tvær valgreinar**. Lágmarkspátttaka í hverja grein eru 6 nemendur og fjöldatakmarkanir eru í einhverjar greinar. Þó verður reynt að koma öllum fyrir í það val sem þeir velja. Einhverjar valgreinar falla utan töflu, sjá lýsingu á valgreinum. **Athugið að skólabílar fara frá skóla kl. 14:00. Valgreinar hefjast í vikuna 3.-7. september nk.**

Hestamenska, kennari Victor Örn Victorsson.

Gert er ráð fyrir að nemendur kynnist íslenska hestinum með því að umgangast hann í kennslustundum. Kennt verður á Víðidalssá minnst 80 mínútur í senn, eftir kl. 14 á daginn, allt að fimm sinnum í viku, í allt að þrjár klukkustundir í senn, í september og fram í miðjan október ef og þegar veður leyfir. Reiknað er með því að mesti tíminn verði notaður til útreiða og þess sem því fylgir.

Athugið að nemendur verða að komast að og frá Víðidalssá á eigin vegum og kennt er utan hefðbundinnar stundatöflu í Grunnskólanum á Hólmavík.

Fatahönnun, kennari Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir

Rifjuð verða upp undirstöðuatriði við máltöku, sniðagerð og saum á einföldum fatnaði. Unnið verður með eigin hugmyndir í formi tískuteikninga. Kennar verða einfaldar aðferðir við að nýta sér tilbúin snið við eigin hugmyndavinnu. Nemendur fá stutt yfirlit yfir textíl- og fatasöguna. Í lokin hafa nemendur hannað og saumað amk. eina flík.

Tími: Föstudagar kl. 12:20-13:40. Um er að ræða sjö skipti fyrir jól eða 14 kennslustundir. Jafnvel verður framhald eftir áramót.

Fjöldi: 6-8 nemendur.

Franska, kennari Naomi Bos

Kennd verða undirstöðuatriði í frönsku máli, menningu Frakklands og þjóðar. Kennslan byggir m.a. á framburðaræfingum, þjálfun orðaforða, málfræði, samtalsæfingum, notkun lagatexta, einstaklingsvinnu, paravinnu og hópinnu. Valfagið getur nýst sem góður undirbúningur fyrir frönskunám í framhaldsskóla.

Tími: Miðvikudagar kl. 9:40-11:00.

Hljómsveitaræfingar, kennari Andri Ívarsson

Nemendur Tónskólans hafa kost á að koma og taka þátt í hljómsveitaræfingum. Fræðsla um hljóðfærin sem notuð eru í hljómsveitum og fá tækifæri til að spila á sem flest hljóðfæri. Nemendur fræðast um hinar ýmsu tegundir dægurtónlistar og fá tækifæri til spila sem flestar gerðir hennar. Nemendur kynnst undirstöðuatriðum í hljómauppbyggingu og þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum við hljómsveitaræfingar.

Tími: Athugið að kennt er utan hefðbundinnar stundatöflu í Grunnskólanum á Hólmavík, á miðvikudags- og fimmtudagskvöldum kl. 20:00.

Leiklist, kennari Arnar Snæberg Jónsson.

Í leiklistarvali þurfa nemendur að tileinka sér og nota grunnaðferðir og grunntækni leiklistar. Þættir sem unnið verður sérstaklega með eru raddbeiting, líkamstjáning og samskipti. Helstu markmið leiklistarvalsins er að nemendur öðlist færni í því að kopma fram á sviði, þjálfast í að tjá tilfinningar með leikrænum hætti, skynji og skilji grunnpætti persónusköpunar og þjálfast í samvinnu. Settar verða upp a.m.k. tvær stuttar uppfærslur yfir veturinn og sýndar á opinberum vettvangi. Unnið verður eftir fullbúnum handritum sem verða valin eftir að fjöldi þátttakenda liggur fyrir. Nemendur vinna hugmyndavinnu og sjá um sviðsmynd, búninga, lýsingu og hljóð. Fyrstu tímana verður unnið með upphitun og samvinnu hópsins, en í lok september verður farið í uppfærslu af fullum þunga.

Tími: Miðvikudaga kl. 9:40-11:00. Þegar líður að sýningu á leikverkum gætu æfingar farið fram utan skólatíma. Reynt verður að halda þeim í lágmarki. **Æskilegur fjöldi þátttakenda:** 8-10 nemendur.

Þátttaka í Nemendaráði: Starf hvers og eins kjörins aðalfulltrúa í Nemendaráði (á ekki við um varamenn) er metið sem ein valgrein við Grunnskólann á Hólmavík. Kosningar í nemendaráð fara fram föstudaginn 31. ágúst og hefjast kl. 11:10.

Yndislestur, kennari Malla Rós Valgerðardóttir.

Í þessum áfanga er gert ráð fyrir því að nemendur lesi 1–2 skáldsögur á mánuði og geri grein fyrir efni þeirra munnlega við kennara. Í fyrsta tíma gefur kennari út lista yfir bækur þar sem nemendur geta valið þær bækur sem þeim líst á. Nemendur mæta síðan til kennara á ákveðnum tímum og ræða við hann um efni bókanna. Gert er ráð fyrir að nemendur skili bókmenntaritgerðum og fái leiðsögn við gerð þeirra. Markmið áfangans er að auka lestur og kynna bókmenntir fyrir nemendum. **Tími:** Miðvikudaga kl. 9:40-11:00 eða samkomulag milli kennara og nemenda t.d. ef valgreinar rekast á.

Iðnkynning, kennari Ásta Þórisdóttir.

Í þessum áfanga fá nemendur kynningu á þremur iðngreinum þ.e. málmiðnum, rafiðnum og tréiðnum. Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki býður nemendum að heimsækja skólann og hátækni menntasetur tvisvar sinnum í vetur, í u.þ.b. fjóra daga í senn ásamt kennara og hanna og vinna ýmis verkefni tengd iðngreinunum. Tímarnir verða á föstudögum kl. 12:20-14:00 og safnast svo saman í heimsóknunum á Sauðárkrók.

Skila skal skráningu í valgreinar til umsýjarkennara fyrir föstudaginn 31. ágúst nk.